

Fundur 24.11.2025 Ólafur Þórðarson tónlistarmaður, dó 4.des 2011.

Góða kvöldið.

Heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð og mikill er hér krafturinn og samstillingar mátturinn og finnst mér það einkennilegt svona eftir á, að ég hafi ekki náð sambandi við ykkur fyrr og var mér oft hugsað til gömlu jarðarinnar og vildi ég tala við ykkur, en eitthvað hindraði að það tækist og nú eru þau umskipti orðin að hef ég fengið hvatningu og höfum við hlegið og grátið og rifjað upp gamla tíma og höfum við tekið lagið og leyft öðrum að njóta þess með okkur. Og þegar ég faðmaði hann gamla vin minn aftur að mér þá lærði ég að treysta betur eftir það áfall sem ég lenti í og vil ég segja ykkur frá.

Held ég að loka hnykkurinn sé kominn í lækningu minni í framlífi og sé ég nú orðinn eins glaður og frískur og ég var og eigi auðvelt með að treysta eins og á jarðlífsbrautinni og af innileika hlægja og faðma og brosa og halda ekki aftur af mér, og þegar ég hitti hann augliti til auglitis hann Helga, þá var það öðruvísi en að hugsa til hans og dreyma til gömlu jarðarinnar og dreyma ykkur sem eruð á jörðinni, og gátum við betur rifjað upp gömlu atvikin.

Hef ég haft nóg að sinna í framlífi og ekki hefur það skort á, en sorgin hefur verið mikil og eftirköstin af áfallinu að geta ekki treyst sínum nánustu, og svo að læra hvernig fíkniefnin geta farið með fólk og fyrirgefa að fullu og verða virkur í aðstoðarstarfi við þá sem aðkomnir eru á þennan hnött og deyja út frá slíkum aðstæðum, og svo vaxandi tónlistarstörf og menningartengd störf og gleðja gamla aðdáendur og nýja.

Og eftir að Helgi kom yfir

*Ert þú Ólafur ?*

Já Ólafur Þórðarson já,

*Velkominn Ólafur,*

Já takk fyrir, Ríó tríó, þá höfum við orðið eins og við vorum upphaflega og vantar ekkert í þann hljómagang, og segja má að ég finni það, að er að verða eins og ég á að mér að vera. Átti ég erfitt með að treysta fólki til fullnustu, fyrst eftir áfallið, en náði ég mér líkamlega og varð ég svo glaður að finna það að minningar mínar og líkamlegt og andlegt atgerfi kom allt aftur hér á jörðinni og fannst mér Helgi skilja mig og margir ættingjar mínir í því að ég vildi ekki lifa við þær aðstæður.

Og þótt ég væri ekki fullkomlega viss um framhaldslíf, þá var ég ánægður með að hingað komst ég og úrbætur urðu á hlutskipti mínu, heldur betur.

En það situr djúpt í sálartötrinu þegar atvik sem þessi gerast og fólk sem maður treystir reynist ekki þess vert að treysta því og nákomnir sonur og slíkt, en ég hef vissulega fyrirgefið að fullu.

En það finnst best í því að maður faðmi af innileik og brosi og hlægi að nýju, og haldi ekki aftur af sér í persónulegum samskiptum, að sálartötrið sé komið í lag.

Og vildi ég svona af öðrum þræði verða hvatning fyrir alla þá Íslendinga sem ég hef hitt á þessum hnetti sem eiga eftir að láta í sér heyra við ykkur, hvort sem það eru ættingjar ykkar eða aðrir sem geta frá ýmsu sagt og vona ég að þau noti fordæmi mitt og þori að láta í sér heyra.

Já ég er hér syngjandi glaður, finnst mér það gerast oftar eftir að við erum allir þrír hér komnir, en mikið fannst mér það dýrmætt að hitta aftur fyrri eiginkonu mína og foreldra.

Og að þau skyldu taka á móti mér, en djúpt í sálinni var sorg og tregi yfir því hvernig þetta atvikaðist, en í millitíðinni notaði ég tímann til að þjálf líkamann og stunda fjallgöngur og hlaup og annað slíkt og hef ég eins og aðrir sviðið í góðra vina hópi upp að þessum stjörnusambandsstöðvum.

Er það fjölmargt sem ég gæti við ykkur sagt, en vil ég að lokum áður en ég fer rifja upp eitt áhugamál mitt sem er að fræða mig um tónlist frumbyggja og frumstæða tónlist eins og var á jörðinni gömlu.

Og eru hér fjölmargir ættbálkar sem ég hef tekið upp tónlist með og lært af tónstiga og mun vonandi geta komið í sambandið síðar og fjallað um það.

En eftir að Helgi kom hef ég loksins látið mér detta í hug að fleiri en gamlir aðdáendur hafi gaman að okkur og að hægt sé að halda þessu áfram fyrir alvöru.

En ég læt þetta nægja að sinni og sendi öllum mínum vinum og ættingjum bestu kveðjur með þökk fyrir öll samskiptin og venskapinn gegnum tíðina.

Verið þið sæl og gott að ná sambandi verið þið sæl.

*Vertu blessaður Ólafur og takk fyrir komuna.*